

Júní 2025



Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Skýrsla starfshóps



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Útgefandi:

Innviðaráðuneytið

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Skýrsla starfshóps.

Júní 2025

irn@irn.is

www.irn.is

Umbrot og textavinnsla:

Innviðaráðuneytið

©2025 Innviðaráðuneytið

ISBN 978-9935-494-61-0

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Framkvæmd	6
2.1 Ítarupplýsingar sveitarfélaga.....	7
3. Niðurstöður gagnaöflunar.....	8
3.1 Sveitarfélög.....	8
3.1.1 Ítarupplýsingar sveitarfélaga.....	10
3.2 Skólastjórnendur.....	12
3.3 Foreldrar/forráðamenn.....	16
4. Umræða.....	18
4.1 Hvaða árgangar nýta sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir?.....	18
4.2 Hver er ávinningur fyrir sveitarfélög?	18
4.3 Hver er ávinningur fyrir landshluta?	18
4.4 Hver er reynsla og ánægja nemenda og foreldra?.....	19
4.5 Hvaða áhrif hafa gjaldfrjálsar skólamáltíðir á markmið um að auka jöfnuð og draga úr áhrifum fátæktar á börn?	19
5. Ábendingar.....	20
6. Lokaorð	22
Viðauki I: Spurningakannanir	23
Viðauki II: Upplýsingabréf	25

Myndaskrá

Mynd 2.1 Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga	7
Mynd 3.1 Heldur skólinn utan um skráningu	14
Mynd 3.2 Hefur skráning breyst?	14
Mynd 3.3 Er matarsóun mæld í skólanum?	14
Mynd 3.4 Er breyting á matarsóun?	14
Mynd 3.5 Gæði máltíða	15
Mynd 3.6 Er fæðuraðleggingum fylgt?	15
Mynd 3.7 Skráning í skólamáltíðir	16
Mynd 3.8 Reynsla foreldra/barna	17

Töfluskrá

Tafla 1 Hvaða ávinningur hefur fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum fyrir sveitarfélagið	9
Tafla 2 Hvaða áskoranir hafa fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum fyrir sveitarfélagið?	9
Tafla 3 Hvaða ávinningur telur þú gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafa haft fyrir skólastarfið/nemendur?	13
Tafla 4 Hvaða áskoranir telur þú hafa fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum?	13

1. Inngangur

Til að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði gáfu ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga frá sér sameiginlega yfirlýsingu þann 7. mars 2024. Þar kom fram að stjórnvöld myndu grípa til tiltekinna aðgerða til að styðja við sameiginleg markmið stjórnvalda og samningsaðila, um að leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks ásamt því að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Ein aðgerðin sneri að því að útfæra leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna yrðu gjaldfrjálsar á árunum 2024–2027 og þannig yrði einnig stutt við markmið stjórnvalda um að auka jöfnuð og draga úr fátækt meðal barna.

Alþingi samþykkti 22. júní 2024 frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, þar sem við lögin bættist bráðabirgðaákvæði sem heimilaði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að greiða framlög til sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir á árunum 2024–2027. Í ákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um að innviðaráðherra skuli skipa starfshóp skipaðan einum fulltrúa ráðherra sem fer með sveitarstjórnarmál, sem jafnframt er formaður, einum fulltrúa ráðherra sem fer með málefni grunnskóla og tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem leggja skal mat á nýtingu og áhrif framlags skv. 1. mgr. Meðal annars skuli meta áhrif á markmið um að auka jöfnuð og draga úr fátækt meðal barna, hvort allir árgangar nýti sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir og hver sé ávinningur einstakra sveitarfélaga og landshluta. Þá skuli meta reynslu og ánægju nemenda og foreldra.

Í janúar 2025 skipaði innviðaráðherra starfshóp til að leggja mat á nýtingu og áhrif framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða, sbr. ofangreint. Starfshópurinn var þannig skipaður:

- Jóhanna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri í innviðaráðuneytinu, fulltrúi innviðaráðherra og formaður starfshópsins,
- Þór Hauksson Reykdal, verkefnastjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu, fulltrúi mennta- og barnamálaráðherra,
- Ellen Alma Tryggvadóttir, doktor í næringarfræði og verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga,
- Helgi Aðalsteinsson, rekstrarhagfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfshópurinn hóf störf í febrúar og skilaði skýrslu sinni í júní 2025.

Í öðrum kafla skýrslunnar er vinnu starfshópsins lýst og hvernig gagnaöflun var háttað. Í þriðja kafla eru niðurstöður gagnaöflunarinnar til umfjöllunar og í fjórða kafla eru niðurstöðurnar nýttar til að svara þeim spurningum sem lagðar voru fyrir starfshópinn. Að lokum er að finna ábendingar starfshópsins til stjórnvalda varðandi fyrirkomulag og framtíð gjaldfrjálsra skólamáltíða.

2. Framkvæmd

Líkt og kveðið var á um í bráðabirgðaákvæði við lög um tekjustofna sveitarfélaga bar starfshópnum að leggja mat á nýtingu og áhrif framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða. Nánar tiltekið bar starfshópnum að kanna hvaða árgangar væru að nýta sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir, hver ávinningur væri fyrir sveitarfélög og landshluta og hver væri reynsla nemenda og foreldra. Einnig bar hópnum að meta hvaða áhrif gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafi á markmið um að auka jöfnuð og draga úr fátækt meðal barna.

Í því skyni að fá svör við framangreindu vann starfshópurinn þrjár mismunandi spurningakannanir. Ein spurningakönnun var lögð fyrir sveitarfélög til að meta ávinning og áskoranir þeirra vegna verkefnisins og kalla eftir ábendingum frá þeim um fyrirkomulag gjaldfrjálsra skólamáltíða. Önnur spurningakönnun var lögð fyrir stjórnendur grunnskóla til að meta ávinning og áskoranir fyrir skólastarfið/nemendur, auk þess sem leitast var eftir að fá ítarlegri upplýsingar í tengslum við fyrirkomulagið, s.s. varðandi skráningu nemenda í mat, gæði máltíða og matarsóun. Þriðja könnunin var lögð fyrir alla foreldra/forráðamenn barna í grunnskólum til að meta reynslu þeirra af gjaldfrjálsum skólamáltíðum og kalla eftir ábendingum þeirra. Kannanir til foreldra/forráðamanna voru sendar út á íslensku, ensku og pólsku.


Rétt er að nefna að starfshópurinn ráðfærði sig við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands varðandi það hvernig best væri að meta reynslu nemenda og foreldra af gjaldfrjálsum skólamáltíðum. Var það niðurstaða hópsins eftir samtal við stofnunina að áreiðanlegasta niðurstaðan fengist með því að leggja könnun fyrir foreldra/forráðamenn sem svöruðu fyrir sína hönd og barna sinna, en ekki nemendurna sjálfa.

Starfshópurinn samdi spurningakannanirnar í sameiningu og bar sameiginlega ábyrgð á framkvæmd þeirra og úrvinnslu gagna, en kannanirnar voru settar upp af starfsfólki Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem sá jafnframt um að senda þær út til sveitarfélaga og grunnskóla. Skólarnir áframsendu kannanirnar til foreldra/forráðamanna fyrir hönd starfshópsins. Spurningakannanirnar eru birtar sem viðauki við skýrslu þessa, ásamt upplýsingabréfi til sveitarfélaga en samskonar bréf voru send á alla þrjá hópa.

Hafa skal í huga að skólamáltíðir urðu gjaldfrjálsar við upphaf skólaárs haustið 2024 og því var aðeins komin nokkurra mánaða reynsla á fyrirkomulagið á meðan hópurinn starfaði.

2.1 Ítarupplýsingar sveitarfélaga

Fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að með aðgerð stjórnvalda um að skólamáltíðir skuli vera gjaldfrjálsar hafi verið gert ráð fyrir að ríkið taki að sér 75% af kostnaðarþátttöku foreldra/forráðamanna vegna skólamáltíða. Sveitarfélögin greiði þannig 25% af því sem foreldrar/forráðamenn greiddu áður, til viðbótar við þann kostnað sem sveitarfélögin stóðu undir vegna skólamáltíða áður en þær urðu gjaldfrjálsar.



Mynd 2.1 Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga

Einnig kom fram í greinargerðinni að kostnaður sveitarfélaga vegna skólamáltíða sé mismunandi og dæmi séu um að sveitarfélög hafi þegar boðið upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Sú fjárhæð sem miðað er við að ríkið greiði samkvæmt yfirlýsingu stjórnvalda frá 7. mars 2024 er því 75% af áætluðum meðalkostnaði forráðamanna barna vegna skólamáltíða.

Samkvæmt greinargerðinni eru framlög til einstakra sveitarfélaga reiknuð í samræmi við hlutfall barna á grunnskólaaldri í viðkomandi sveitarfélagi af heildarfjölda barna á grunnskólaaldri 1. janúar skólaárið á undan, skv. tölum Hagstofu Íslands. Þá kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að ekki sé gert ráð fyrir því að það sé skilyrði fyrir úthlutun framlaga að sveitarfélög greiði mótframlag vegna skólamáltíða með einhverjum hætti, heldur sé sveitarfélögum veitt svigrúm til að ákveða útfærslu á gjaldfrjálsum skólamáltíðum sem er í samræmi við 23. gr. laga um grunnskóla.

Starfshópurinn ákvað að hitta fulltrúa nokkurra sveitarfélaga víðs vegar um landið til að skoða nánar hvernig framkvæmd gjaldfrjálsra skólamáltíðir hefur verið háttað. Hitti fulltrúi starfshópsins starfsfólk sveitarfélaga sem þekkir best til málaflokksins hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig og skoðaði nánar afmarkaða þætti tengda framkvæmd skólamáltíða eftir að þær urðu gjaldfrjálsar.

3. Niðurstöður gagnaöflunar

Hér er fjallað um niðurstöður þeirra spurningakannana sem sendar voru til sveitarfélaga, skólastjórnenda og foreldra/forráðamanna. Einnig er í kafla um sveitarfélögin að finna ítarlegri umfjöllun um hvernig framkvæmd sveitarfélaganna á gjaldfrjálsum skólamáltíðum hefur verið háttað.

3.1 Sveitarfélög

Sveitarfélögin eru 62 og 60 þeirra taka þátt í verkefninu og bjóða gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Í einu sveitarfélagi býr ekkert barn á grunnskólaaldri (Fljótsdalshreppur) og eitt sveitarfélag hefur tímabundið stöðvað rekstur grunnskóla vegna aðstæðna í sveitarfélaginu (Grindavíkurbær). Sex sveitarfélög af 60 taka þátt í verkefninu en reka ekki grunnskóla sjálf og hafa samið við önnur sveitarfélög um þjónustuna. Spurningakönnun var send til allra sveitarfélaga og bárust 27 svör. Könnunin innihélt þrjár opnar spurningar.

Fyrsta spurning sneri að því hvaða ávinningur hafi fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum fyrir sveitarfélagið. Meirihluti sveitarfélaga eða 16 af 27 nefna að þau sjái ávinning í gjaldfrjálsum skólamáltíðum sem felist í því að öllum börnum eru tryggðar skólamáltíðir óháð efnahag, fleiri börn nýta skólamáltíðirnar og/eða að komið er til móts við barnafjölskyldur þar sem gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafi áhrif á kostnað heimilisins. Þá nefnir um þriðjungur sveitarfélaga að ákveðinn vinnusparnaður felist í gjaldfrjálsum skólamáltíðum vegna minni umsýslu, auk lægri kostnaðar í tengslum við innheimtu gjalda.

Þrjú sveitarfélög voru fyrir með gjaldfrjálsar skólamáltíðir og nefna að meginbreytingin og ávinningurinn felist í að nú komi framlag ríkisins á móti kostnaði við verkefnið. Eitt þessara þriggja sveitarfélaga nefnir að helsti ávinningurinn felist jafnframt í viðurkenningu á mikilvægi gjaldfrjálsra skólamáltíða.

Sex sveitarfélög segjast sjá lítinn sem engan ávinning fyrir sveitarfélagið en tvö þeirra nefna að nýting skólamáltíða hafi verið um 100% fyrir og hafi ekki breyst eftir að máltíðir urðu gjaldfrjálsar. Önnur tvö sveitarfélög nefna að þar hafi verið passað upp á að öll börn fái að borða og að sveitarfélagið hafi greitt fyrir börnin þar sem það hefur þurft.

Eitt sveitarfélag bendir á að flestir nemendur í viðkomandi sveitarfélagi hafi verið með fasta áskrift í mat en undantekningar hafi helst verið nemendur með annan tungumálabakgrunn sem stundum voru ekki skráðir. Með tilkomu gjaldfrjálsra skólamáltíða hafi þátttaka þessa hóps aukist.

Loks minnir eitt sveitarfélag á um hafi verið að ræða aðgerð af hálfu ríkis og sveitarfélaga til að koma á kjarasamningum sem hafi verið mikilvægt atriði í að ná tökum á verðbólgu.

Tafla 1 Hvaða ávinningur hefur fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum fyrir sveitarfélagið

Þema svars	Fjöldi svara	Dæmi um svör
Öll börn fá mat	16	„Ávinningur að öllum börnum eru tryggðar skólamáltíðir óháð efnahag.“ „Öll börn fá heita máltíð óháð stöðu.“
Vinnusparnaður/ lægri umsýslu- kostnaður	9	„Minna umstang í stjórnsýslunni, vegna innheimtu.“
Lítill/engin breyting	6	„Það var svo til 100% nýting fyrir og hún breyttist ekkert eftir að máltíðir urðu gjaldfrjálsar.“
Framlag ríkisins	3	„...helsti ávinningur sveitarfélagsins falist í viðurkenningu á mikilvæginu og fjárhagslega aðkomu stjórnvalda að verkefninu.“

Önnur spurning sneri að því hvaða áskoranir hafi fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum fyrir sveitarfélagið. Meirihluti sveitarfélaga eða 17 af 27 nefna áskoranir sem snúa að auknum kostnaði fyrir sveitarfélagið, s.s. vegna fjölgunar nemenda sem nýta skólamáltíðir, mótframlag ríkisins nemi einungis hluta af heildarkostnaði, auk þess sem verð á matvöru fari sífellt hækkandi. Þá er bent á að kostnaður á hverja máltíð á landsbyggðinni geti verið hærri en á höfuðborgarsvæðinu. Rúmlega þriðjungur sveitarfélaga viðra jafnframt áhyggjur af matarsóun og bendir eitt sveitarfélag á að kostnaðarsamt geti verið að fylgjast með og mæla matarsóun. Einnig nefna sex sveitarfélög að erfiðara sé að áætla innkaup og fjölda í mat og fjögur þeirra benda á að nokkuð beri á því að börn séu skráð í mat án þess að þau borði.

Fimm sveitarfélög telja sig ekki mæta neinum áskorunum vegna þessa nýja fyrirkomulags en þar hefur einnig áhrif að nýting hafi verið nálægt 100% fyrir og að í einhverjum tilvikum voru skólamáltíðir gjaldfrjálsar fyrir.

Að lokum var nefnt að sú ákvörðun stjórnvalda að hafa skólamáltíðir gjaldfrjálsar hafi verið tekin með stuttum fyrirvara og án mikils samráðs. Jafnframt væri óeðlileg að tengja slíka ákvörðun við gerð kjarasamninga.

Tafla 2 Hvaða áskoranir hafa fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum fyrir sveitarfélagið?

Þema svars	Fjöldi svara	Dæmi um svör
Kostnaður	17	„Kostnaður sveitarfélagsins er meiri en sem nemur endurgreiðslu ríkisins.“ „Sveitarfélög hafa þegar verið að greiða fyrir hluta af skólamáltíðum og þurfa nú að greiða fyrir enn stærri hlut.“
Matarsóun	10	„Meiri matarsóun þar sem lítill fyrirsjáanleiki er um fjölda nemenda í mat.“
Erfiðara að áætla innkaup	6	„Einnig óvissa um fjölda máltíða hverju sinni, þ.e. skipulag hráefniskaupa og utanumhald er mikil áskorun.“
Litlar/engar áskoranir	5	„Óbreytt ástand, voru gjaldfríar fyrir.“ „Litlar áskoranir, „áður en farið var í gjaldfrjálsar skólamáltíðir voru allir nemendur skráðir í mat daglega.“

Í þriðju og síðustu spurningu var svarendum gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum varðandi fyrirkomulag á gjaldfrjálsum skólamáltíðum. Í nokkrum tilvikum var nefnt mikilvægi þess að auka mótframlög ríkisins til að létta undir með sveitarfélögum sem beri mikinn kostnað af fyrirkomulaginu. Einnig var minnst á að verulegar hækkanir hafi orðið á vöruverði matvæla sem hafi áhrif á rekstur. Passa þurfi upp á að framlag ríkisins fylgi hækkandi verði á matvælum og aðföngum mótuneyta, sem og launakostnaði. Þá þurfi að hafa í huga að kostnaður við hverja máltíð geti verið hærri á landsbyggðinni. Jafnframt sé mikilvægt að ríkið ákveði hvað gerist að loknu þessu þriggja ára tilraunaverkefni, en erfitt verði fyrir sveitarfélögin að halda þessu fyrirkomulagi áfram ef framlagið frá ríkinu verður lækkað eða lagt niður.

Þá kom fram ábending um að eðlilegra væri að hafa máltíðir fríar fyrir lægstu tekjuhópanna sem væri auðvelt í útfærslu með því að tekjutengja. Í því fyrirkomulagi myndu mikilvægir hvatar halda sér sem kæmu betur í veg fyrir matarsóun.

Loks var bent á að ekki hafi verið nógu skýrt hvort verkefnið átti aðeins að ná til hádegisverðar eða einnig morgunmatar og ávaxtastunda, og lagði eitt sveitarfélag áherslu á að brýnt væri að sjá til þess að öll börn hafi aðgang að morgunmat, D-vítamíni og ávaxta-/grænmetisstund. Þá sé mikilvægt að meta vandlega gæði skólamáltíða reglulega til að gæta þess að öll börn séu raunverulega að fá næringarríka fæðu óháð því í hvaða sveitarfélagi þau búa.

3.1.1 Ítarupplýsingar sveitarfélaga

Aðilar starfshópsins hittu starfsfólk tíu sveitarfélaga víðsvegar um landið til að ræða nánar tiltekin atriði sem á sveitarfélögum brennur nú eftir að fyrsta skólaárið með gjaldfrjálsum skólamáltíðum er að baki. Þetta starfsfólk þekkir einna best til þessa málaflokks í sínu sveitarfélagi en hér að neðan eru helstu niðurstöður þeirra samtala reifaðar.

Skráning

Allur gangur er á því hvernig skráningu í skólamat er háttað. Sum sveitarfélög reyna að halda sjálf utan um skráninguna, þ.e. viðkomandi grunnskólar, en þar sem um aðkeyptan mat er að ræða heldur viðkomandi aðili utan um skráningu fyrir hönd skólans. Í einhverjum tilfellum var þó aðeins um hnökra í skráningum þegar skólaárið 2024-2025 hófst. Í svo að segja öllum samtölum við sveitarfélög kemur fram að skráningin er fyrst og fremst til þess að áætla hversu margir nemendur snæða hádegisverð á hverjum degi, en svo er allur gangur á því hvort því sé fylgt fast eftir að börn mæti í mat og í fæstum tilfellum virðast upplýsingar um skráningu nýttar í eitthvað annað.

Skráning í mat hefur aukist heilt yfir og virðist sú aukning nema í kringum 8-9%. Gildir þar einu hvort um sé að ræða mat sem eldaður er frá grunni í eldhúsum grunnskóla landsins eða aðkeyptan mat frá aðilum sem sérhæfa sig í þeirri þjónustu.

Matarsóun

Það er nokkuð mismunandi hvað sveitarfélögin segja varðandi breytingu á matarsóun eftir að skólamáltíðir urðu gjaldfrjálsar. Flestir sjá ekki marktæka breytingu á matarsóun eftir að máltíðirnar urðu gjaldfrjálsar, en nokkrir telja þó að hún hafi aukist aðeins. Segja margir að fyrstu vikurnar og mánuðina hafi hún aukist nokkuð á meðan skólarnir voru að átta sig á breyttu umhverfi.

Nokkrir aðilar nefndu að það auki matarsóun ef börn hafi of skamman tíma til að snæða og ekki síður ef fyrirkomulagið í matsalnum er þess eðlis að börnin hafi einungis eina aðkomu að svæðinu þar sem maturinn er borinn fram. Þá sé oft miklu hrúgað á diskana til að tryggja að viðkomandi nærast vel, en að sama skapi endar nokkuð stór hluti matvælananna í ruslinu fyrir vikið. Hafa sum sveitarfélög þannig séð umtalsvert minni matarsóun með því að tryggja að nemendur hafi aukna aðkomu að matnum og rýmri tíma til að snæða.

Kostnaður

Það er ljóst að nokkur kostnaðarauki hefur átt sér stað hjá sveitarfélögum við þá breytingu að skólamáltíðir urðu gjaldfrjálsar í grunnskólum landsins, enda var talið að heildar kostnaðarauki fyrir öll sveitarfélög landsins gæti numið í kringum 1.250 m.kr. fyrir fyrsta skólaárið við framangreinda breytingu. Til viðbótar við það bætist sífellt hærri hráefniskostnaður og aukning í fjölda grunnskólanemenda. Á sama tíma er það mikil áskorun fyrir skólana að tryggja að matarsóun aukist ekki og að skráning nemenda í mat sé sem næst því sem raunin verður hverju sinni, þ.e. hvað mætingu nemenda í hádegisverð varðar.

Undantekningalaust lýstu sveitarfélögin áhyggjum sínum af þessum kostnaðarauka og víða kom fram ótti við það að árlegar hækkanir á framlagi ríkisins til málaflokksins í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga dugi ekki til að halda í við þær kostnaðarhækkanir á matvöru sem munu eiga sér stað á næstu misserum.

Framkvæmd/áskoranir

Heilt yfir er talið að framkvæmdin við það að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafi gengið vel, en ein stærsta áskorunin hefur verið að áætla raunverulegan fjölda nemenda í mat hverju sinni. Leitast hefur verið eftir að koma á fyrirkomulagi sem tryggir aukið aðhald á nemendur varðandi skráningu í mat og um leið að reyna að stuðla að fyrirsjáanleika og stöðugleika í mætingu, enda getur það dregið úr matarsóun og sparað kostnað. Víða hefur verið farið í átak til að fá nemendur til að viðhalda virkri og réttri skráningu hvað þau sjálf varðar í gjaldfrjálsan mat, en það hefur því miður ekki gengið nægilega vel.

Fjármögnun

Undantekningalaust hafa sveitarfélögin áhyggjur af því hvað verði um kostnaðarþátttöku ríkisins í gjaldfrjálsu skólamáltíðum þegar tímarammi bráðabirgðaákvæðisins, sem heimilar Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að greiða framlög til sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir, rennur út

en eins og áður sagði samþykkti Alþingi sumarið 2024 að framangreindur tímarammi næði til árána 2024-2027.

Einnig telja sveitarfélögin að það megi ekki gleymast að þau tóku á sig fjórðung kostnaðaraukans, sem var áður greiðsluþátttaka foreldra, vegna skólamáltíða grunnskólabarna en fyrir þá breytingu voru sveitarfélögin þá þegar að greiða rúman þriðjung af þeim kostnaði sem féll til við að veita skólamáltíðir til nemenda grunnskóla landsins.

Annað

Uppi eru raddir um að auka megi samráð og samstarf á milli sveitarfélaga varðandi hvað megi gera betur varðandi þá framkvæmd að veita gjaldfrjálsar skólamáltíðir, því mörg þeirra telja að hægt sé að læra mikið hvert af öðru. Einnig sé nauðsynlegt að mynda vettvang til að ræða þær áskoranir sem birst hafa sveitarfélögum við framkvæmdina nú að loknu fyrsta skólaárinu með breyttu fyrirkomulagi.

Fram kom í samtali við sveitarfélögin að það er mikil áskorun að mæta öllum þeim fjölbreyttu kröfum sem fram geta komið frá nemendum og foreldrum/forráðamönnum varðandi skólamáltíðirnar. Þar er einkum átt við þætti eins og mataróþol, fjölbreytileika í fæðuvali og tillit til trúarbragða hvað fæðuval varðar sem dæmi. Kröfurnar eru alltaf að verða fleiri og fjölpættari og reyna skólarnir að mæta þeim eins og þeim er mögulega unnt.

Nokkuð hefur borið á óánægju hjá forsvarsmönnum einkaskólanna við breytinguna á því að fara í gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Snýr það einkum að því að í dag fá slíkir skólar greitt framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir þau börn sem eru með lögheimili í því sveitarfélagi sem viðkomandi skóli starfar í en fyrir breytinguna innheimtu skólarnir fæðisgjald af öllum foreldrum/forráðamönnum nemenda óháð búsetu nemenda. Þannig þurfa einkaskólarnir sjálfir í dag að innheimta framlag Jöfnunarsjóðs frá öðrum sveitarfélögum sem viðkomandi nemendur koma frá sem getur í sumum tilfellum verið snúið og tímafrekt.

3.2 Skólastjórnendur

Spurningalisti var sendur á alla grunnskóla landsins og stjórnendur beðnir um að svara fyrir þeirra hönd. Alls bárust svör frá 73 grunnskólum en yfir 170 grunnskólar eru starfandi á landinu, þ.m.t. einkaskólar. Spurningalistinn innihélt tvær opnar spurningar um ávinning og áskoranir tengdar gjaldfrjálsum skólamáltíðum.

Flest svör varðandi hvaða ávinning skólastjórnendur töldu hljóta af gjaldfrjálsum skólamáltíðum lögðu áherslu á almenna ánægju og aukinn aðgang nemenda að næringu. Margir nefndu jöfnuð sem mikilvægan þátt, þar sem öll börn borða sama mat. Nokkur svör komu inn á heilsu- og næringarlegan ávinning, en félagsleg áhrif komu ekki beint fram í svörum.

Tafla 3 Hvaða ávinning telur þú gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafa haft fyrir skólastarfið/nemendur?

Þema svars	Fjöldi svara	Dæmi um svör
Öll börn fá mat	36	„Börnum er tryggt að fá mat í skólanum.“ „Þökk sé þessu geta börn borðað heita máltíð í skólanum.“
Fjárhagur foreldra	14	„Hollari matur fyrir marga.“ „Kemur sér vel fyrir heimilin.“
Jöfnuður	13	„Aukið jöfnuð meðal fjölskyldna í skólahverfinu.“ „Jöfnunartæki því allir sitja við sama borð.“
Heilsa, næring og líðan	9	„Fleiri nemendur að borða mat. Matvandir nemendur geta smakkað.“ „Núðlusúpurnar eru alveg horfnar úr matsalnum.“
Skráningar einfaldari	5	„Minna umstang í kringum skráningu nemenda og eftirlit með henni.“
Litlar breytingar	4	„Við merkjum ekki miklar breytingar á nemendum eða skólastarfi.“


Flest svör varðandi hvaða áskoranir skólastjórnendur töldu hljótast af gjaldfrjálsu skólamáltíðum lýsa engum eða litlum áskorunum, en þar sem áskoranir eru nefndar, snúast þær oft um áhyggjur af matarsóun og fjármögnun. Örfá svör vísa til aukinnar þarfar á fleira starfsfólki og bættum aðbúnaði eða lýsa aðstöðuleysi í eldhúsum.

Tafla 4 Hvaða áskoranir telur þú hafa fylgt gjaldfrjálsu skólamáltíðum?


Þema svars	Fjöldi svara	Dæmi um svör
Engar	18	„Engar sérstakar.“
Kostnaður og fjármagn	13	„Mjög dýrt fyrir sveitarfélagið.“ „Peningurinn sem kemur inn með máltíðunum dugar ekki.“
Hætta á matarsóun	12	„Það eykst helst matarsóun.“
Rétt skráning/að áætla réttan fjölda	9	„Það er mikil vinna fyrir matráða að áætla mat og endurnýta.“
Áskorun að sameina gæði og ódýran mat	5	„Gæði matar hjá fyrirtækinu sem sá um matinn hrakaði mikið.“
Aðstaða eða innviðir ábótavant	4	„Eldhúsaðstaðan er ófullnægjandi miðað við fjölda nemenda.“

Í kjölfarið voru sex fjölvalsspurningar varðandi ýmsa þætti sem snúa að skólamáltíðum og má sjá þær spurningar og svör í myndum 3.1 – 3.6.

Heldur skólinn utan um fyrirfram skráningu nemenda í skólamáltíðir



Hefur skráning breyst eftir að skólamáltíðir urðu gjaldfrjálsar




Mynd 3.1 Heldur skólinn utan um skráningu?


Mynd 3.2 Hefur skráning breyst?

Meirihluti þeirra skóla sem svöruðu heldur utan um skráningu nemenda í skólamáltíðir en þó eru 40% svarenda sem gera það ekki. Stærstur hluti þeirra sem heldur utan um skráningar lýsti aukningu í skráningum, en tæplega 40% sögðu skráningu vera óbreytta.

Er matarsóun mæld reglulega í skólanum?



Er breyting á matarsóun eftir innleiðingu á gjaldfrjálsum skólamáltíðum?




Mynd 3.3 Er matarsóun mæld í skólanum?

Mynd 3.4 Er breyting á matarsóun?

Rétt tæplega helmingur svarenda sagðist mæla reglulega matarsóun í skólanum og af þeim var yfir helmingur sem sagði matarsóun ekkert hafa breyst, fjórðungur taldi matarsóun hafa minnkað og 16% svarenda lýstu aukinni matarsóun.


Telur þú gæði máltíða hafa breyst við innleiðingu á gjaldfrjálsum máltíðum?



Mynd 3.5 Gæði máltíða

Stærstur hluti skólastjórna taldi gæði máltíða hafa haldist óbreytt á meðan svipaður fjöldi taldi gæði máltíða hafa ýmist aukist eða minnkað.

Er fæðuréðleggingum Embættis landlæknis fylgt við gerð máltíða í skólanum?



Mynd 3.6 Er fæðuréðleggingum fylgt?


Rúmlega helmingur skólastjórna sagði fæðuréðleggingum Embættis landlæknis vera fylgt að mestu leyti við gerð skólamáltíða. Tæplega fjórðungur taldi fæðuréðleggingum vera fylgt að nokkru leyti, 5% töldu þeim ekki vera fylgt og 15% skólastjórna var ekki viss.

3.3 Foreldrar/forráðamenn

Spurningalistar voru sendir öllum foreldrum/forráðamönnum grunnskólabarna þar sem óskað var eftir að vita hver reynsla þeirra eða barna þeirra hefði verið á þessu fyrsta skólaári eftir að skólamáltíðir urðu gjaldfrjálsar. Var könnunin í boði á þremur tungumálum: íslensku, ensku og pólsku. Heildarfjöldi þeirra sem svaraði var 8.342 en fjöldi barna á grunnskólaaldri á Íslandi var 47.544 þann 1. janúar 2025.

Kannað var sérstaklega hvort skráning í mat væri mismunandi eftir árgöngum og hvort sá grunur væri á rökum reistur að unglingar á Íslandi væru tregari til að nýta sér skólamáltíðir en þau sem yngri eru. Niðurstaðan er sú að börn á yngsta stigi eru langflest skráð í mat eða vel yfir 99,39% að meðaltali. Aðeins færri börn á miðstigi eru skráð í mat, eða 99,25%, en skráning hjá unglingastigi fer niður í 96,43%. Þar dregur 10. bekkur meðaltalið talsvert niður með þátttöku upp á 94,67%.

Er barnið þitt skráð í skólamat? Var barnið þitt skráð í mat á síðasta ári? Hlutfall sem svarar játandi:



Mynd 3.7 Skráning í skólamáltíðir


Ljóst er að skráning í skólamáltíðir hefur aukist eftir að þær urðu gjaldfrjálsar, sérstaklega á mið- og unglingastigi.

Af þeim sem svöruðu spurningunni um hver reynsla foreldra/barns hafi verið af gjaldfrjálsum skólamáltíðum sögðust 81% vera mjög eða nokkuð jákvæð, 12% voru hvorki jákvæð né neikvæð og 7% voru mjög eða nokkuð neikvæð.

Mest var ánægjan á Vestfjörðum þar sem 92% svöruðu mjög + nokkuð jákvæð, en minnsta ánægjan var á höfuðborgarsvæðinu þar sem 78% svöruðu mjög + nokkuð jákvæð. Ánægja í hinum landshlutum mældist á bilinu 84-87%.

Á höfuðborgarsvæðinu mældist einnig mesta óánægjan (nokkuð+mjög neikvæð) eða 9%, en á Vestfjörðum mældist engin óánægja. Óánægja í öðrum landshlutum mældist á bilinu 4-6% fyrir utan á Suðurnesjum þar sem hún var 2%.

Hver er reynsla þín/barnsins af gjaldfrjálsum skólamáltíðum? 8.342 svarendur



Mynd 3.8 Reynsla foreldra/barna

Í spurningakönnuninni var opin spurning þar sem svarendum var gefin kostur á að koma með ábendingar varðandi gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Fram kom að mikill meirihluti foreldra er ánægður með breytinguna og að um væri að ræða gott framtak hjá hinu opinbera sem tryggði jafnan rétt allra barna, óháð efnahag foreldra, til að hafa aðgang að heitri máltíð í hádeginu í öllum grunnskólum á Íslandi.

Helstu áhyggjur foreldra, óháð því hvort upplifun hafi verið jákvæð eða neikvæð, eru af gæðum matarins og að of mikið sé um unnin matvæli. Telja þau að áhersla ætti að vera á að maturinn sé eldaður í hverjum skóla fyrir sig, í stað þess að nýta miðlæg iðnaðareldhús þar sem það á við. Þá komu einnig fram þó nokkrar athugasemdir um að börnin fái ekki nóg af mat og þeim sé neitað um ábót ef þau biðja um meira.

Einnig voru viðraðar áhyggjur af aukinni matarsóun í kjölfar þessara breytinga.

Fiskur er ofarlega í hugum þeirra sem svöruðu opnu spurningunni, en þá bæði að það mætti vera meira af honum og að fiskur sé of oft á boðstólnum. Einnig komu athugasemdir um að gæði fisks sem boðið er upp á væri ábótavant.

Enn fremur kom fram að það mætti vera meira af vegan/grænkera valkostum og tillögur voru um að hafa salatbar sem fastan valkost og meira úrval af ávöxtum og grænmeti, sem ætti þá að vera innifalið í gjaldfrjálsum máltíðinni.

4. Umræða

Hér leitast starfshópurinn við að svara þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hópinn með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar.

4.1 Hvaða árgangar nýta sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir?

Samkvæmt niðurstöðum gagnaöflunarinnar eru börn á yngsta stigi langflest skráð í mat en aðeins færri börn á miðstigi. Skráning hjá unglingastigi er örlítið minni og dregur skráning nemenda í 10. bekk meðaltalið talsvert niður, sbr. umfjöllun í kafla 3.3. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að talsverð fjölgun hefur orðið í skráningum barna í skólamáltíðir eftir að þær urðu gjaldfrjálsar.

4.2 Hver er ávinningur fyrir sveitarfélög?

Líkt og fram kom í fyrri kafla sjá sveitarfélögin ávinning af gjaldfrjálsum skólamáltíðum sem felst í því að öllum börnum eru tryggðar skólamáltíðir óháð efnahag, fleiri börn nýta skólamáltíðirnar og/eða að komið er til móts við barnafjölskyldur þar sem gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafi töluverð áhrif á fjárhag heimilisins. Hluti sveitarfélaga sér einnig ákveðinn vinnusparnað felast í gjaldfrjálsum skólamáltíðum vegna minni umsýslu og lægri kostnaðar í tengslum við innheimtu gjalda.

Ávinningurinn kemur þó ekki án áskorana en kostnaður hefur aukist hjá meirihluta sveitarfélaga, s.s. vegna fjölgunar nemenda sem nýta skólamáltíðir, mótframlag ríkisins nemur einungis hluta af heildarkostnaði, auk þess sem verð á matvöru fer hækkandi. Sveitarfélögin viðra jafnframt áhyggjur af matarsóun og benda á að erfitt sé að áætla nákvæmlega innkaup og fjölda í mat.

4.3 Hver er ávinningur fyrir landshluta?

Svör úr spurningakönnunum voru yfirfarin m.t.t. þess hvort greina mætti mun á svörum eftir landshlutum. Svör sveitarfélaga gáfu ekki til kynna að munur sé til staðar á milli landshluta og er um að ræða sama ávinning og áskoranir fyrir sveitarfélög óháð landshluta, þ.e. fyrst og fremst ávinning sem felst í því að öllum börnum eru tryggðar skólamáltíðir óháð efnahag og áskoranir í formi aukins kostnaðar. Hér er þó rétt að minna á ábendingar einstaka sveitarfélaga um að kostnaður á hverja máltíð geti verið hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Svör frá skólastjórnendum varðandi ávinning voru mjög sambærileg óháð sveitarfélagi. Flestir töldu helsta ávinninginn vera að öll börn fengju heita máltíð í skólanum, jöfnuður væri aukinn og að fjárhagur heimilanna væri bættur.

Eins og fram kom í kafla 3.3. var aðeins munur á ánægju foreldra eftir landshlutum og þá helst höfuðborgarsvæðið sem sker sig úr varðandi óánægju og Vestfirðir hvaða varðar ánægju. Að öðru leyti er ávinningur allra landshluta kannski helst sá að fleiri börn eru nú skráð í mat og er heilt yfir mikil ánægja með þetta sameiginlega framtak hins opinbera.

4.4 Hver er reynsla og ánægja nemenda og foreldra?

Af niðurstöðu skoðanakönnunar má draga þá ályktun að heilt yfir sé mikil ánægja hjá foreldrum með gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum um land allt, þó ánægjan sé að vísu að einhverju leyti misskipt milli landsvæða.

Ljóst er að áhyggjur foreldra snúa fyrst og fremst að gæðum matarins og því mikilvægt til framtíðar að skoða leiðir til að tryggja að til séu gæðakröfur um skólamáltíðir grunnskólabarna og að til staðar sé mat á því hvort þær kröfur séu uppfylltar af hálfu rekstraraðila, hvort sem um er að ræða einkaaðila eða sveitarfélögin sjálf.

4.5 Hvaða áhrif hafa gjaldfrjálsar skólamáltíðir á markmið um að auka jöfnuð og draga úr áhrifum fátæktar á börn?

Ef svör allra þriggja hópa eru dregin saman virðist vera samhljómur um að gjaldfrjálsar skólamáltíðir auki jöfnuð meðal barna. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir skapi jöfn tækifæri og tryggja að öll börn hafi aðgang að reglulegum, heitum máltíðum. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir tryggi einnig að öll börn hafi aðgang að gæðaríkum mat, sem var e.t.v. ekki raunin fyrir, en fjölgun skráninga í skólamat endurspeglar þetta. Öll börn hafi nú tækifæri til að fá næringu yfir skóladaginn, geta borðað sig södd og það bæti líðan og einbeitingu í náminu. Einnig er talsvert áberandi í svörum að gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafi jákvæð áhrif á fjárhag fjölskyldna með því að létta undir kostnaði heimilisins og draga því að einhverju leyti úr fátækt meðal barna.

5. Ábendingar

Af framangreindri umfjöllun dregur starfshópurinn þá ályktun að mikill ávinningur hljóttist af gjaldfrjálsnum skólamáltíðum en sveitarfélögin og skólarnir standa þó frammi fyrir ýmsum áskorunum og spurningar standa eftir sem þarf að svara. Starfshópurinn setur í þessum kafla fram ábendingar til stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga, í samræmi við helstu niðurstöður gagnaöflunarinnar:

Rannsaka þarf matarsóun og gera íhlutanir til að minnka hana

Mikill fjöldi svarenda lýsti áhyggjum af aukinni matarsóun með tilkomu gjaldfrjálsra skólamáltíða. Af þeim skólum sem svöruðu var þó aðeins um helmingur sem sagðist reglulega mæla matarsóun og sagði meirihluti þeirra matarsóun óbreytta. Mikilvægt er því að rannsaka hver raunveruleg matarsóun er í fleiri skólum og gera tilraunir til að vinna gegn henni.

Hafa þarf eftirlit með gæðum máltíða og næringarinnihaldi

Nokkrir svarendur höfðu áhyggjur af versnandi gæðum skólamáltíða og taldi 14% skólastjórnenda gæði máltíða hafa minnkað í kjölfarið á innleiðingu gjaldfrjálsra skólamáltíða. Skólamáltíðir ættu að vera í samræmi við fæðuráðleggingar frá Embætti landlæknis. Tæplega 40% skólastjórnenda taldi máltíðir í sínum skólum ekki vera fyllilega í samræmi við fæðuráðleggingar eða höfðu ekki vitneskju um hvort þær væru það. Það sýnir hversu mikilvægt er að koma á skilvirku gæðaeftirliti með skólamáltíðum, til að tryggja að öll skólabörn fái næringar- og gæðaríka fæðu.

Tryggja þarf fjármagn fyrir gæðaríkri skólamáltíð

Tryggja þarf að sú upphæð sem varið er í skólamáltíðir sé nægileg til að skólarnir geti boðið upp á gæðaríka skólamáltíð, sem er í samræmi við fæðuráðleggingar Embættis landlæknis. Ekki eru aðgengilegar tölulegar upplýsingar um meðalkostnað skólamáltíðar sem er í samræmi við fæðuráðleggingarnar. Mögulega er því tilefni til að gera verðkönnun, hjá þeim skólum sem eru sannarlega að bjóða upp á máltíðir í samræmi við

fæðuráðleggingar, til að fá upplýsingar um áætlaðan raunkostnað á hverja máltíð sem jafnframt uppfyllir kröfur um gæði og næringarinnihald.

Tryggja þarf að til staðar séu upplýsingar sveitarfélaga um raunkostnað

Starfshópurinn telur brýnt að sveitarfélög reyni eftir fremsta megni að ná utan um hve mikill kostnaður fellur raunverulega á sveitarfélögin vegna skólamáltíða. Sveitarfélög eru ýmist að panta mat frá aðilum sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu eða að kaupa inn hráefni og þá eldar matráður/matreiðslumaður frá grunni, yfirleitt í eldhúsi viðkomandi grunnskóla. Í fljótu bragði virðist kostnaður við skólamáltíðir vera nokkuð ólíkur á milli sveitarfélaga en það er ljóst að hann fer vaxandi og því er hverju sveitarfélagi mikilvægt að reyna að fanga hver raunkostnaðurinn er. Áhugavert er að sveitarfélögum ber ekki saman um það hvort hagkvæmara sé að elda mat frá grunni eða að kaupa hann nánast tilbúinn. Öll eiga þau þó sameiginlegt að vilja gera sem allra best fyrir íbúa sína en um leið með sem hagkvæmustum hætti.

Skýra þarf hvort gjaldfrjálsar skólamáltíðir eigi eingöngu við um hádegisverð eða alla málsverði á skólatíma

Þó nokkrar ábendingar bárust starfshópnum um að frá upphafi hafi verið óskýrt hvort gjaldfrjálsar skólamáltíðir eigi við um hádegisverð eða alla málsverði á skólatíma, þ. e. morgunverð, ávaxta-/grænmetisstund, mjólk o.s.frv. Telur starfshópurinn mikilvægt að ríkið skýri hvaða málsverðir falli undir gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Í þessu samhengi má benda á að sumir skólar hafa greint frá síðri skráningum í ávaxtaáskriftir eftir innleiðingu gjaldfrjálsra máltíða sem getur ekki talist æskileg þróun.

Taka þarf ákvörðun um framhald verkefnisins eftir árið 2027

Aðgerðin eins og hún var skilgreind sneri að því að skólamáltíðir grunnskólabarna yrðu gjaldfrjálsar á árunum 2024–2027. Mikilvægt er að ríkið taki ákvörðun um hvað verður um kostnaðarþátttöku þess í gjaldfrjálsum skólamáltíðum þegar tímarammi bráðabirgðaákvæðisins, sem heimilar Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að greiða framlög til sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir, rennur út árið 2027.

6. Lokaorð

Að teknu tilliti til niðurstaða gagnaöflunarinnar er það mat starfshópsins að vel hafi tekist til á þessu fyrsta skólaári eftir að skólamáltíðir í grunnskólum urðu gjaldfrjálsar. Ávinningurinn er ljós en fyrir sveitarfélögunum liggja þó áskoranir auk þess sem ýmsum spurningum er enn ósvarað um verkefnið til framtíðar.

Starfshópurinn ítrekar að skv. bráðabirgðaákvæði XXXIV við lög um tekjustofna sveitarfélaga hafa sveitarfélögin frjálsar hendur varðandi það hvernig útfærslu á gjaldfrjálsum skólamáltíðum er háttað í hverju sveitarfélagi fyrir sig og vill hópurinn hvetja sveitarfélög til að eiga samráð sín á milli um bestu leiðir.

Jafnframt minnir starfshópurinn á að skv. sama bráðabirgðaákvæði ber sveitarfélögum ekki skylda til að taka þátt í verkefninu og bjóða gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Starfshópurinn telur þó eðlilegt að samráð verði haft við íbúana hyggist sveitarfélag taka nýja ákvörðun hvað varðar þátttöku sína í verkefninu.

Að lokum telur starfshópurinn mikilvægt að sambærileg athugun verði endurtekin á tímabili verkefnisins þar sem metin verði áframhaldandi reynsla framangreindra hópa af gjaldfrjálsum skólamáltíðum.

Viðauki I: Spurningakannanir

Sveitarfélög

1. Velja sveitarfélag - flettilisti
2. Opin spurning: Hvaða ávinningur hefur fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum fyrir sveitarfélagið?
3. Opin spurning: Hvaða áskoranir hafa fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum fyrir sveitarfélagið?
4. Opin spurning: Hafið þið einhverjar ábendingar varðandi fyrirkomulag á gjaldfrjálsum skólamáltíðum?

Skólastjórnendur

- Velja sveitarfélag - flettilisti
- Opin spurning: Hvaða ávinningur telur þú gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafa haft fyrir skólastarfið/nemendur?
- Opin spurning: Hvaða áskoranir telur þú hafa fylgt gjaldfrjálsum skólamáltíðum?
- Heldur skólinn utan um fyrirfram skráningu nemenda í skólamáltíðir?
 - o Nei
 - o Já
 - Ef já: Hefur skráning breyst eftir að skólamáltíðir urðu gjaldfrjálsar?
 - Já, skráningum hefur fjölgað
 - Já, skráningum hefur fækkað
 - Nei, skráning er óbreytt
- Er matarsóun mæld reglulega í skólanum?
 - o Nei
 - o Já
 - Ef já, er breyting á matarsóun eftir innleiðingu á gjaldfrjálsum skólamáltíðum?
 - Matarsóun hefur minnkað
 - Matarsóun hefur aukist
 - Engin breyting
- Er fæðuráðleggingum Embættis landlæknis fylgt við gerð máltíða í skólanum?
 - o Já, að mestu leyti
 - o Já, að nokkru leyti/hluta til
 - o Nei eða að litlu leyti

- Veit ekki
- Telur þú gæði máltíða hafa breyst við innleiðingu á gjaldfrjálsum máltíðum?
 - Gæði máltíða hafa aukist
 - Gæði máltíða hafa minnkað
 - Gæði máltíða er óbreytt

Foreldrar/forráðamenn

- Velja landshluta – flettilisti
- Í hvaða bekk er barnið þitt? – flettilisti.
Möguleiki að velja Vil ekki svara.
- Er barnið þitt skráð í mat í skólanum?
 - Já
 - Nei
- Var barnið þitt skráð í mat í skólanum á síðastliðnu skólaári?
 - Já
 - Nei
 - Á ekki við (t.d. ef barn er í 1. bekk)
- Hver er reynsla þín/barnsins af gjaldfrjálsum skólamáltíðum?
 - Mjög jákvæð
 - Nokkuð jákvæð
 - Hvorki jákvæð né neikvæð
 - Nokkuð neikvæð
 - Mjög neikvæð
- Opin spurning: Hefur þú einhverjar ábendingar varðandi gjaldfrjálsar skólamáltíðir?

Viðauki II: Upplýsingabréf

Efni: **Reynsla sveitarfélagsins af gjaldfrjálsum skólamáltíðum**

Kæri sveitarstjóri

Þér/ykkur er boðið að taka þátt í spurningakönnun sem hefur þann tilgang að meta reynsluna af því að gera skólamáltíðir í grunnskólum landsins gjaldfrjálsar. Starfshópur af hálfu hins opinbera hefur verið skipaður til að leggja mat á hvernig til hefur tekist fyrsta skólaárið. Skoðanir ykkar eru mikilvægar til að meta áhrifin af gjaldfrjálsum skólamáltíðum, varpa ljósi á hvort þær skili tilætluðum árangri og hverjar helstu áskoranirnar eru. Um þrjár spurningar er að ræða.

Skólamáltíðir í grunnskólum landsins urðu gjaldfrjálsar við upphaf skólaárs sl. haust en um er að ræða lið í aðgerðum stjórnvalda til að styðja við langtímakjarasamninga á vinnumarkaði.

Allar athugasemdir og ábendingar eru vel þegnar og verða meðhöndlaðar í trúnaði. Niðurstöður verða eingöngu birtar á þann hátt að ómögulegt sé að greina svör einstakra svarenda.

Vakin er athygli á því að um er að ræða þrjár aðskildar spurningakannanir, þ.e. fyrir stjórnendur sveitarfélaga, stjórnendur grunnskóla og foreldra/forráðamenn grunnskólabarna.

Hvernig tekur þú þátt?

Könnunin er opin til 16. apríl nk. og hægt er að svara henni með því að smella á hlekkinn. Gert er ráð fyrir að aðeins eitt svar berist fyrir hvert sveitarfélag.

[Hlekkur á könnunina er hér.](#)

Nánar um verkefnið

Til að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði gáfu ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga frá sér sameiginlega yfirlýsingu 7. mars 2024 þar sem fram kom að stjórnvöld myndu grípa til tiltekinna aðgerða til að styðja við sameiginleg markmið stjórnvalda og samningsaðila um að leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks og stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Ein aðgerðin sneri að því að útfæra leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna yrðu gjaldfrjálsar á árunum 2024–2027 en þannig væri stutt við markmið stjórnvalda um að draga úr fátækt meðal barna.

Alþingi samþykkti 22. júní sl. frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem við lögin bættist bráðabirgðaákvæði XXXIV. sem heimilar Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að greiða framlög til sveitarfélaga sem bjóða upp á skólamáltíðir. Í bráðabirgðaákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um að innviðaráðherra skipi starfshóp sem skuli meta áhrif á markmið um að auka

jöfnuð og draga úr fátækt meðal barna, hvort allir árgangar nýti sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir og hver sé ávinningur einstakra sveitarfélaga og landshluta. Þá skuli meta reynslu og ánægju nemenda og foreldra.

Innviðaráðherra skipaði í janúar sl. starfshóp skipaðan einum fulltrúa ráðherra sem fer með sveitarstjórnarmál, sem jafnframt er formaður, einum fulltrúa ráðherra sem fer með málefni grunnskóla og tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að leggja mat á nýtingu og áhrif gjaldfrjálsra skólamáltíða. Þessi könnun er liður í því verkefni en gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum eigi síðar en 30. júní nk.

Ef þú hefur spurningar eða þarft frekari upplýsingar, vinsamlegast hafðu samband við innviðaráðuneytið í netfangi irn@irn.is eða Samband íslenskra sveitarfélaga í netfangi samband@samband.is. Starfshópur um gjaldfrjálsar skólamáltíðir ber ábyrgð á vinnslu svara.

